

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2026/95****2026/EES/36/17****frá 15. janúar 2026**

um að taka okt-2-enal, dek-2-enal, 2-hexenal, 3,5-oktadíen-2-ón, dek-2-ensýru, fenetylprópíónat, metýldekanóat, etýldek-2-enóat, etýldek-4-enóat, bútýlamín, 3-metýlbútan-1-þíól, 2-metýlfúran, 2-asetýl-5-metýlfúran, 2-asetýl-3-metýlpýrasín og pikólínbeta (3-metýlpýrídín) af markaði sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um reglur um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem þess er krafist að fôðuraukefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum. Að sama skapi ætti að samþykkja reglugerð varðandi fôðuraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.
- 3) Þar eð umsóknirnar sem varða fôðuraukefnin okt-2-enal, dek-2-enal, 2-hexenal, 3,5-oktadíen-2-ón, dek-2-ensýru, fenetylprópíónat, metýldekanóat, etýldek-2-enóat, etýldek-4-enóat, bútýlamín, 3-metýlbútan-1-þíól, 2-metýlfúran, 2-asetýl-5-metýlfúran, 2-asetýl-3-metýlpýrasín og pikólínbeta (3-metýlpýrídín) voru dregnar til baka að því er varðar notkun fyrir ketti og hunda ætti að taka þessi aukefni af markaði að því er varðar notkun fyrir þessar dýrategundir.
- 4) Rétt þykir að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirbyggjandi birgðir af aukefnum sem um er að ræða, forblöndum, fôðurblöndum og fôðurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppnar að því er varðar ketti og hunda, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.
- 5) Taka vara sem eru skráðar í viðaukann af markaði kemur ekki í veg fyrir að þær verði leyfðar eða falli undir ráðstöfun varðandi stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/95, 16.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj>).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Taka af markaði

Fóðurukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum, eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skulu tekin af markaði að því er varðar notkun fyrir þær dýrategundir sem um getur í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðurukefnunum sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota fram til 5. febrúar 2027.
2. Forblöndur, sem eru framleiddar með fóðurukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 5. maí 2027.
3. Fóðurlöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðurukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 5. febrúar 2028.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

—

VIÐAUKI

Fóðuraukefni sem skal taka af markaði eins og um getur í 1. gr.

Kenninúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
Bragðefni og lystaukandi efni		
Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni		
	CAS-nr. 2363-89-5/okt-2-enal/Flavis-nr. 05.060	Kettir og hundar
	CAS-nr. 3913-71-1/dek-2-enal/Flavis-nr. 05.076	Kettir og hundar
	CAS-nr. 505-57-7/2-hexenal (samheiti hex-2-enal)/Flavis-nr. 05.189	Kettir og hundar
	CAS-nr. 30086-02-3/3,5-oktadíen-2-ón/Flavis-nr. 07.247	Kettir og hundar
	CAS-nr. 3913-85-7/dek-2-ensýra/Flavis-nr. 08.073	Kettir og hundar
	CAS-nr. 122-70-3/fenetýlprópiónat/Flavis-nr. 09.137	Kettir og hundar
	CAS-nr. 110-42-9/metýldekanóat/Flavis-nr. 09.251	Kettir og hundar
	CAS-nr. 7367-88-6/etýldek-2-enóat/Flavis-nr. 09.283	Kettir og hundar
	CAS-nr. 76649-16-6/etýldek-4-enóat/Flavis-nr. 09.284	Kettir og hundar
	CAS-nr. 109-73-9/bútýlamín/Flavis-nr. 11.003	Kettir og hundar
	CAS-nr. 541-31-1/3-metýlbútan-1-þíól/Flavis-nr. 12.171	Kettir og hundar
	CAS-nr. 534-22-5/2-metýlfúran/Flavis-nr. 13.030	Kettir og hundar
	CAS-nr. 1193-79-9/2-asetýl-5-metýlfúran/Flavis-nr. 13.083	Kettir og hundar
	CAS-nr. 23787-80-6/2-asetýl-3-metýlpýrasín/Flavis-nr. 14.082	Kettir og hundar
	CAS-nr. 108-99-6/píkólínbeta (3-metýlpýridín)/Flavis-nr. 14.135	Kettir og hundar